

1. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2011, haldinn 26. janúar, kl. 13.00, í Flúðaskóla.
6. fundur kjörtímabilsins vegna Flúðaskóla.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Steinunn Margrét Larsen fulltrúi kennara, Ingvar Hjálmarsson og Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Ingibjörg María Guðmundsdóttir, varamaður Axels Árnasonar Njarðvík sem boðaði forföll.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Rekstrarniðurstaða síðastliðins árs og samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.
3. Erindisbréf fræðslunefndar.
4. Samningur um rekstur félagsmiðstöðvar.
5. Gjaldskrá mötuneytis, erindi frá sveitarstjórn.
6. Skólanámskrá.
7. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.
 - Danskur farandkennari var hjá okkur, í þrjár vikur í desember, fyrir milligöngu Skólaskrifstofu Suðurlands. Kennarinn lofaði dönskukennslu í skólanum sem við erum afar stolt af.
 - Sandra Dögg Eggertsdóttir var ein af þremur nemendum á landinu sem vann til verðlauna í ratleik forvarnardagsins. Verðlaunaafhending fór fram við hátíðlega athöfn að Bessastöðum sunnudaginn 5. desember.
 - Dagarnir 8. – 10. desember voru vel heppnaðir útikennsludagar, annars var desember með hefðbundnum hætti. Á litlu jólunum voru tveir nemendur útskrifaðir frá skólanum, þau Hafþór Ingi Ragnarsson og Raket Lind Úlfhéðinsdóttir og hafa þau nú hafið nám í FSu.
 - Fjórir nemendur stunda fjarnám við framhaldsskóla þessa önn.
 - Gyða Björnsdóttir fór, til Finnlands í nóvember, á vinnustofu í náttúrufræðikennslu á vegum Evrópusambandsins. Elín Jóna Traustadóttir, Guðbjörg Viðarsdóttir og Alma Jenny Sigurðardóttir fóru á Bett sýningu sem haldin er árlega í London.
 - Anna Gréta Ólafsdóttir íþróttakennari leysir Árna Þór Hilmarsson af í tveggja mánaða barneignaleyfi hans. Stefnt er að því að fá hana til að vera með danskennslu í framhaldi af afleysingu.
 - Á þrettándanum áttu nemendur og starfsfólk skemmtilega stund í skóginum þar sem kveikt var upp í eldstæði, verið með kyndla og sungin nokkur lög.
 - Skólastjórnendur ásamt öryggistrúnaðarmanni hafa lokið við gerð aðgerðaáætlunar vegna vinnuumhverfis starfsfólks og sent samantekt til Vinnueftirlitsins eins og lögbundið er.
 - Trúnaðarlæknir hefur verið ráðinn til stofnanna sveitarfélagsins í samvinnu við nágretta sveitarfélög og hefur kennurum verið kynnt þjónusta hans.

2. Rekstrarniðurstaða síðastliðins árs og samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

Skólastjóri fór yfir rekstur skólans fyrir árið 2010. Fjárhagsáætlun og rauntölur standast mjög vel. Fræðslunefnd fagnar þessum árangri.

3. Erindisbréf fræðslunefndar.

Formaður lagði fram drög að erindisbréfi fyrir fræðslunefnd. Farið var yfir málið og athugasemdir gerðar. Samþykkt að fresta afgreiðslu til næsta fundar þar sem fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps óskuðu eftir að skoða málið betur.

4. Samningur um rekstur félagsmiðstöðvar.

Formaður kynnti efnis samnings sem gerður hefur verið á milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um rekstur félagsmiðstöðvarinnar ZERO.

5. Gjaldskrá mótuneytis, erindi frá hreppsnefnd.

Formaður lagði fram erindi frá hreppsnefnd varðandi gjaldskrár skólamótuneytisins vegna starfsmanna sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd samþykkti þann 2. desember 2010 að hækka verð á seldri máltíð til starfsmanna sveitarfélagsins úr 220 kr. í 350 kr. Gagnvart nemendum var hækkunin úr 220 kr. í 230 kr. Breytingin átti að taka gildi frá og með 1. janúar 2011.

Formaður fór einnig yfir efni bréfs frá kennurum skólans dagsett 15. desember 2010 þar hækkuninni gagnvart starfsmönnum skólans er mótmælt og m.a. bent á ákvæði kjarasamnings, grein 3.4.1, sem segir: „Starfsmenn greiði efnisverð matarins en annar rekstrarkostnaður greiðist af viðkomandi stofnun“. Í rekstrarreikningi mótuneytisins fyrir árið 2010 kemur fram tekjur þess standa undir innkaupum á matvælum. Á fundi hreppsnefndar þann 20. desember 2010 var ákveðið að draga hækkunina gagnvart starfsmönnum til baka og vísa málinu til umfjöllunar í fræðslunefnd.

Málið rætt. Fræðslunefnd tekur undir ákvörðun hreppsnefndar frá 20. desember sl. og leggur til að starfsfólk skólans og nemendur greiði sama verð fyrir hverja máltíð, þ.e. 230 kr.

6. Skólanámskrá.

Tekin til umræðu skólanámskrá Flúðaskóla sem er að finna á heimasíðu skólans. Fræðslunefnd samþykkir skólanámsskránnu.

7. Önnur mál.

- a) Skólaakstur. Skólastjóri ræddi um viðmiðunarreglur vegna skólaaksturs, þ.e. hvar mörk svæða liggja. Samþykkt að skólastjóri og formaður fræðslunefndar skoði málið og vinni tillögur þess efnis.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.00